

Vikufréttir

Vika 42 (14.10. – 18.10. 2019)

Mánudagur

- ✓ Nokkrir nemendur úr 8. bekk, ásamt kennurum í námsferð á Spáni. Taka þar þátt í Erasmus verkefni.

Þriðjudagur

- ✓ Foreldraviðtöl í dag
 - Vöflukaffi fyrir í nýja matsal skólans

Miðvikudagur

Fimmtudagur

- ✓ Seinasti dagur lotu 1 í vali á miðstigi.

Föstudagur

Annað:

Mínum foreldra á að skrá sig í viðtal inni á Mentor fyrir foreldraviðtalsdaginn. Hvetjum foreldra og nemendur til að líta við í vöflukaffi að loknu viðtali og skoða um leið nýja matsalinn okkar.

Vegna gerlamengunar í vatni var mjólk með matnum í mötuneyti skólans á föstudaginn. Við vinnum að því að fá vatn til að bjóða með mat og í ávaxtastund en það verður ekki komið á mánudag og gerum við ráð fyrir að bjóða upp á mjólk þann dag. Nemendur eru hvattir til að hafa með sér vatn á brúsa að heiman.

Spakmæli:

„Fólk sem segir að eitthvað sé ekki hægt, ætti ekki að trufla hina sem eru að framkvæma það.“

Um námsmat

Námsmat er samofið allri kennslu og eru kennarar og nemendur alltaf að meta verk sín, hvernig hafi tekist. Markmið með námsmati eru:

- að örva nemendur og aðstoða þá við námið
- að meta framfarir og getu nemenda sem nýtist við skipulagningu á áframhaldandi námi þeirra
- að leggja áherslu á leiðsagnarmat frá upphafi skólagöngu
- að leggja áherslu á að nemendur nái hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla

Skólinn hefur útbúið sína námskrá og eru markmiðin unnin í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámskrár. Hæfni nemenda mæld jafnóðum þannig að nemendur, foreldrar og kennarar geta fylgst með framvindu náms á svokölluðu hæfnikorti nemandans inni á Mentor.

Í hæfninámi eru hæfniviðmið veigamikill þáttur en þau eru lýsing á hæfni sem nemendur eiga að stefna að. Hæfnikortin í InfoMentor innihalda þessi hæfniviðmið fyrir hverja námsgrein og hvern árgang.

Kennarinn setur fram hvaða hæfniviðmið er unnið með hverju sinni og tengir áætlanir, verkefni og námsefni við þau inn í námslotu. Nemendur hafa aðgang að sínum námslotum. Í framhaldi metur kennari árangur nemenda og þar með gefst einstakt tækifæri til að upplýsa og virkja nemendur til þátttöku í eigin námi.

Kennari skipuleggur kennslu út frá hæfnikortum og metur hvar nemendur eru staddir. Með því er hægt að sjá styrkleika nemandans en einnig greina hvaða hæfniviðmið nemandinn þarf að vinna betur með. Í stað þess að fá einkunn á bilinu 0-10 sýnir námsmatið með mun skýrari hætti hvar nemandinn stendur. Kennari, nemandi og aðstandendur fá skýra mynd af stöðu nemanda.

Lokamat að vori getur verið A, B+, B, C+, C, D eða á forminu „Framúrskarandi, Hæfni náð, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð“. Skólum er skylt samkvæmt lögum að meta nemendur við lok grunnskóla út frá matsviðmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla en hafa frelsi til að móta sitt námsmat í öðrum bekkjum.

<http://grunnborg.is/starfsaaetlun/>

<https://www.infomentor.is>

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir